

GJALDSKRÁ

Akureyrarkaupstaðar fyrir ýmis gjöld skv. skipulags- og byggingarlögum.

1. gr.

Vegna byggingarleyfa skal greiða eftirfarandi gjöld:

1.1. Íbúðarhúsnæði.

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Þá er innifalið í gjaldinu byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar. Einnig eru gjöld vegna grenndarkynninga og yfirferðar séruppdráttu.

	kr.
1. Einbýlishús	122.570
2. Parhús, tvíbýlishús, raðhús á einni hæð	102.143 pr. íbúð
3. Raðhús á fleiri en einni hæð, fjölbýlishús með þremur íbúðum	85.800 pr. íbúð
4. Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri	73.542 pr. íbúð
5. Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum og fleiri	61.285 pr. íbúð
Umsýslugjald vegna minni grenndarkynninga	16.433
Umsýslugjald vegna stærri grenndarkynninga	57.514
Vegna aðkeyptrar yfirferðar séruppdráttu verður innheimt sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni, þó að hámarki kr. 200.000.	

1.2. Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir.

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar. Einnig eru gjöld vegna grenndarkynninga og yfirferðar séruppdráttu.

Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum:

	kr.
6. Gólfhlötur allt að 500 fermetrar	122.570
7. Gólfhlötur 500 – 1.000 fermetrar	221.839
8. Gólfhlötur 1.001 – 2.000 fermetrar	328.651
9. Gólfhlötur 2.001 – 5.000 fermetrar	492.977
10. Gólfhlötur strærri en 5.000 fermetrar	657.302
Umsýslugjald vegna minni grenndarkynninga	16.433
Umsýslugjald vegna stærri grenndarkynninga	57.514
Vegna aðkeyptrar yfirferðar séruppdráttu verður innheimt sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni, þó að hámarki kr. 200.000.	

1.3. Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar.

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar. Einnig eru gjöld vegna grenndarkynninga og yfirferðar séruppdráttu.

	kr.
11. Sólstofur, garðhús, bílgeymslur fyrir mest 2 bíla, gripahús, viðbyggingar allt að 20 fermetrar	51.071
12. Viðbyggingar 20 – 100 fermetrar	71.499
Umsýslugjald vegna minni grenndarkynninga	16.433

Umsýslugjald vegna stærri grenndarkynninga 57.514

Vegna aðkeyprar yfirferðar séruppdráttu verður innheimt sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni, þó að hámarki kr. 200.000.

Byggingarleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru stærri en 100 fermetrar skulu vera þau sömu og byggingarleyfisgjöld af því húsnæði sem byggt er við.

2. gr.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld.

Fyrir neðangreinda þjónustu/afgreiðslu ber að greiða eftirtalin gjöld:

	kr.
Staðfestingargjald vegna lóðaúthlutunar	98.596
Hver endurskoðun aðaluppdráttu	12.607
Endurnýjun leyfis án breytinga á teikningum	9.005
Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	20.712
Úttekt og vottorð vegna vín- og veitingaleyfa	20.712
Úttekt, leyfi og umsagnir vegna gistileyfa	20.712
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun pr. eignarhluta	5.752
Framkvæmdaleyfi - minni framkvæmdir	20.000
Framkvæmdaleyfi - stærri framkvæmdir	50.000
Fyrir breytingu á lóðarsamningi	15.000
Úttekt vegna leiguhúsnæðis	20.712
Ástandsskoðun húss	5.000
Stofnun lóðar, útgáfa lóðarsamnings	26.500

Meiriháttar breytingar á samþykktu deiliskipulagi:

Viðkomandi hagsmunaaðili sjái um breytingarnar á sinn kostnað, þó að undanskildum auglýsingakostnaði.

3. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar er heimilt að innheimta önnur þjónustugjöld en mælt er fyrir um í gjaldskrá þessari, sbr. 53. gr. laga nr. 73/1997, enda nemi þau ekki hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við að veita þjónustuna.

4. gr.

Breytingar á fjárhæð gjalda.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í desember 2009 og breytast þau 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni. Byggingarvísitala í desember 2009 var 500,7 stig.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 53. gr. laga nr. 73/1997 og öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 260/2008.

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 22. desember 2009.

Akureyri, 31. desember 2009.

Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður.